

**Stjórn byggðasamlags UTU - 119. fundur
haldinn á Borg, miðvikudaginn 12. mars 2025
og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson formaður, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Hreinsun á rotþróum 2025

Skrifstofustjóri leggur til að hreinsun á seyru verði með samskonar hætti og í fyrra.

Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

2. Landbótasjóður

Lagt fram til kynningar erindi frá Landi og skógi þar sem kemur fram að Landbótasjóður mun ekki styrkja aðgerðir innan girðingar á Hrunamannafrétti þar sem þeir telja svæðið sé komið það langt í uppgræðslu að ekki sé þörf á aðgerðum.

Lagt fram til kynningar.

3. Vegur við Tungufellsdal

Lögð fram til kynningar bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna fundargerðar 117. fundar stjórnar UTU, fjórði liður.

Lagt fram til kynningar.

4. SATS

Lögð fram til kynningar drög að dagskrá fyrir vorfund SATS sem haldinn verður á starfssvæði UTU. Fundurinn verður haldinn 8. – 9. maí og verður skrifstofa UTU lokuð þá daga.

Samþykkt samhljóða.

5. Endurskoðun PWC

Lagður fram samningur við PWC vegna endurskoðunar fyrir rekstrarárið 2024.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning og felur skrifstofustjóra að undirrita hann fyrir hönd UTU.

Samþykkt samhljóða.

6. Sumarlokun skrifstofu

Skrifstofa UTU verður lokuð þrjár vikur í sumar. Skrifstofustjóri leggur til að lokunin verði 21. júlí til og með 8. ágúst.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Ása Valdís Árnadóttir

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir